

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 136

16. október 2024

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar fundaði í gegnum fjárfundarbúnað 16. október 2024 kl. 8:30. Mætt eru: Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Thelma Harðardóttir (varamaður Bjarka Þórs Grönfeldt), Bergur Þorgeirsson (varamaður Flosa Sigurðssonar), Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Samþykkt fundargerðar

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust vegna fundargerðar síðasta stjórnarfundar

2. Níu mánaða uppgjör

Skólameistari lagði fyrir fundinn níu mánaða uppgjör Menntaskóla Borgarfjarðar og fór yfir helstu liði þess.

3. Drög að fjárhagsáætlun næsta árs og þriggja ára

Skólameistari ræddi fjárhagsáætlun til þriggja ára og fór yfir horfur. Umræður fóru fram í kjölfarið.

4. Skólastarf

Haustið 2024 eru skráðir 207 nemendur í Menntaskóla Borgarfjarðar, þar af eru 140 staðnemar. Þetta er mikið fagnaðarefni og hefur þetta haft jákvæð áhrif á skólabrag. Skólameistari fór yfir verkefni tengd markaðssetningu skólans. Lífsnámsvikan 2024 er nýafstaðin með opnu húsi í MB og gekk mjög vel

5. Önnur mál

- Stjórnarformaður upplýsir stjórn um stöðu umsóknar vegna nemendagarða til HMS. Beðið er eftir svari frá stofnuninni en þau munu vera væntanleg á næstu dögum.
- Rætt um leigusamning MB við Borgarbyggð.

Fleira var ekki gert og fundi lauk 9:24